
2016 nr. 108 19. október
Lög um Grænlandssjóð

Tóku gildi 22. október 2016.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Hlutverk.

- Hlutverk Grænlandssjóðs er að efla samskipti Grænlands og Íslands í samræmi við ákvæði þessara laga.
- Grænlandssjóður veitir styrki til kynnisferða, námsdvalar, listsýninga, íþróttaviðburða og annarra mállefna á svíði menningar, menntunar og vísinda sem geta stuðlað að auknum samskiptum Grænlendinga og Íslendinga.

■ 2. gr. Sjóðstjórn.

- Ráðherra skipar þrjá menn í sjóðstjórn Grænlandssjóðs, einn samkvæmt tilnefningu Alþingis, einn samkvæmt tilnefningu utanríksráðuneytis og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

- Sjóðstjórn hefur á hendi stjórn sjóðsins og gerir tillögur til ráðherra um styrkveitingar.

- Ráðherra úthlutar styrkjum úr Grænlandssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

- Ráðherra er heimilt að semja við þar til bærar aðila um að annast umsýslu Grænlandssjóðs.

- Ríkissjóður annast fjárréiður Grænlandssjóðs. Kostnaður af starfsemi Grænlandssjóðs greiðist úr sjóðnum sjálfum.

■ 3. gr. Úthlutun.

- Til styrkveitinga skal verja allt að 3 millj. kr. á ári miðað við verðlag ársins 2016 þar til sjóðurinn er uppurinn.

- Gjafir til sjóðsins skulu leggjast við höfuðstól hans.

- Auglýst skal eftir umsóknum um fjárveitingu úr sjóðnum í dagblöðum eða á sambærilegan hátt, bæði á Íslandi og Grænlandi, í upphafi hvers almanaksárs.

■ 4. gr. Reglugerðarheimild.

- Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara í heild eða einstakar greinar þeirra.

■ 5. gr. Gildistaka.

- Lög þessi taka þegar gildi. . . .